

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Kinna, vegna leikskólalóðar.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 3. febrúar 2009 breytingu á deiliskipulagi Kinna, vegna leikskólalóðar í Hafnarfirði. Breytingin felst í að mörkuð er 4.020 m² lóð og byggingarreitur fyrir leikskóla. Hámarksstærð leikskóla er 800 m² og hámarkshæð 4,5 m. Farið var með deiliskipulagsbreytinguna skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 18. mars 2009,

Málfríður Kristjánssdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 1. apríl 2009